

Tölvu- og netnotkun einstaklinga 2012

Computer and internet usage by individuals 2012

Samantekt

Tölvur eru á 96% íslenskra heimila og aðgangur að neti á 95% heimila. Netnotendum fjölga frá síðasta ári og eru það nú tæp 96% landsmanna. Netnotendur hafa undanfarin ár mælst flestir á Íslandi og Noregi af öllum ríkjum EES, en ekki eru enn tiltækar samanburðartölur fyrir árið 2012. 44% netnotenda tengjast netinu með farsíma eða snjallsíma og þar af tengjast 45% netinu þannig daglega. 40% netnotenda tengjast netinu utan heimilis með fartölvum sem er aukning um 7% frá fyrra ári. Þráðlaus tæki til að tengjast neti utan heimila og vinnustaða var sérstakt viðfangsefni rannsóknar Hagstofu Íslands á tölvu- og netnotkun einstaklinga. Í Hagtíðindaheftinu er farið lauslega yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Ítarlegri upplýsingar er að finna í veftöflum á vef Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

Inngangur

Rannsókn á notkun einstaklinga á tölvu- og nettækni hefur verið framkvæmd árlega á vegum Hagstofu Íslands frá árinu 2002. Handahófskennt úrtak 2.100 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára er tekið úr Þjóðskrá og eru spurningalistar lagðir fyrir svarendur símleiðis. Rannsóknin er að miklu leyti óbreytt á milli ára, en spurningar eru þó uppfærðar með hliðsjón af almennum tæknibreytingum. Auk þess eru tekin fyrir ný viðfangsefni í breytilegum hluta rannsóknarinnar á ári hverju. Einnig geta komið til breytingar á orðalagi spurninga, en hafi það í för með sér röskun á tímaröðum er leitast við að gera grein fyrir því í Hagtíðindaheftunum. Er rannsókn þessi jafnframt framkvæmd árlega í 29 öðrum Evrópuríkjum.

Tölvu- og netnotkun á Íslandi


96% landsmanna teljast til netnotenda

Á fyrsta ársþriðjungi ársins 2012 höfðu 96,7% Íslendinga notað tölvu og 96,2% höfðu tengst netinu á því tímabili. Teljast þeir sem tengst höfðu netinu innan við þremur mánuðum fyrir rannsóknina vera ‚netnotendur‘ og eru önnur heildarhlutföll í niðurstöðum reiknuð útfrá þeim fjölda (sé annað ekki tekið sérstaklega fram). 92% notuðu netið daglega (eða nánast daglega) og önnur 6% til viðbótar notuðu netið að minnsta kosti einu sinni í viku. Teljast þessi 98% netnotenda til ‚reglulegra notenda‘, og eru það 95% af heildarfjölda landsmanna.



Mynd 1. Netnotkun fram að rannsókni

Figure 1. Internet usage before research



Sambærileg gögn liggja fyrir yfir önnur Evrópuríki frá árinu 2011. Teljast 71% íbúa Evrópusambandsríkjanna þar til netnotenda og „reglulegir notendur“ eru þar 68% (af heildarmannfjölda). Noregur, Svíþjóð, Holland, Lúxemborg, Danmörk og Finnland eru þau Evrópulönd þar sem netnotendur eru flestir (eða um og yfir 90%).¹

Notkun á þráðlausum tækjum til að tengjast neti utan heimilis og vinnu

44% tengjast netinu með farsíma eða snjallsíma

Tenging við net utan heimilis og vinnu með fartölvum, farsímum og snjallsímum hefur aukist frá árinu 2011. 40% netnotenda hafa þannig tengst með fartölvu, en var það hlutfall 33% árið 2011; 44% hafa tengst neti með farsíma eða snjallsíma, en átti það við um 26% netnotenda árið 2011; tæp 20% hafa tengst netinu utan heimilis og vinnu með spjaldtölvu með snertiskjá, en ekki var spurt um þess konar tengingu í fyrri rannsóknum. Tæp 5% hafa tengst netinu utan heimilis og vinnu með öðrum þráðlausum smátækjum. Alls hafa 47% netnotenda tengst netinu utan heimilis og vinnu með einhverju af umræddum tækjum: fartölvu, farsíma, snjallsíma eða öðrum þráðlausum smátækjum.

Algengast að netnotendur farsíma og snjallsíma tengist netinu þannig daglega

Dagleg tenging við net var algengari á farsímum og snjallsímum en á fartölvum, 45% í tilfalli notenda snjallsíma og farsíma, en 30% í tilfalli notenda fartölvu. Jafnframt er tenging við net á slíkum tækjum „sjaldnar en vikulega“ 30% á farsímum og snjallsímum, en 45% á fartölvum. Tíðni nettenginga sem „vikuleg“ er 25% bæði í tilfalli fartölvu og farsíma/snjallsíma. 86% þeirra sem tengjast neti með fartölvum nota til þess þráðlausa nettengingu og 44% USB-lykil eða SIM-kort. 86% þeirra sem tengjast neti með farsíma eða snjallsíma nota til þess háhraða farsímatengingu, 67% þráðlaust staðarnet og 7% annars konar farsímatengingu.

Tæpur helmingur notar þráðlaus smátæki til að sinna vinnu

Hvað tiltekna netnotkun á þráðlausum tækjum (að fartölvum og spjaldtölvum undanskildum) er algengast að fólk noti samskiptasíður, tölvupóst og lesi fréttir af vefnum, en á það við í 67–69% tilfella notenda. 48% hafa tengst neti með slíkum tækjum vegna vinnu utan vinnustaða; 39% fyrir leiki, myndir, myndbönd eða tónlist; rúm 11% til að lesa bækur og tæp 8% hafa notað hlaðvarps/podcast þjónustu.

¹ SEYBERT & LÖÖF (2010) *Internet usage in 2011 – Households and Individuals*. Luxembourg, Eurostat. Á vef: http://epp.eurostat.ec.europa.eu/cache/ITY_OFFPUB/KS-SF-11-066/EN/KS-SF-11-066-EN.PDF

81% annarra netnotenda telja sig ekki hafa þörf á að tengjast neti með þráðlausum smátækjum

Algengasta ástæða þess að aðrir netnotendur hefðu ekki tengst neti þráðlaust utan heimilis og vinnu var að þeir teldu enga þörf vera á því, en átti það við í 81% tilfella. 16% töldu sig skorta þekkingu til þess, rúm 10% töldu kostnað við það of háan, 5% hafa áhyggjur af netöryggi, og tæp 5% vegna þess að skjár á tækjum væri of lítill.

Viðfangsefni hins breytilega hluta rannsóknarinnar árið 2011 var Tölvu- og netkunnátta Íslendinga og árið 2010 var viðfangsefnið Netöryggi og reynsla af öryggisógnum. Niðurstöður þeirra er að finna í Hagtíðindum frá þeim árum og einnig í vefstöflum á vef Hagstofunnar undir liðnum Upplýsingatækni.

Almenn netnotkun

Háhraðanettenging er á 92% nettengdra heimila. Eru tæp 71% með ADSL eða aðra DSL-tengingu og rúm 22% með kapal- eða ljósleiðaratengingu. Tæp 6% eru með þráðlaust staðarnet.

Verslun á netinu hefur aukist frá árinu 2011. Höfðu 37% netnotenda verslað á netinu á tímabilinu þremur mánuðum fyrir rannsókn, í samanburði við 33% árið 2011. Þegar spurt var um 12 mánuði fram að rannsókn höfðu 56% verslað á netinu, til samanburðar við 51% árið 2011. Samsvarar það 55% af heildarmannfjölda. Af vörum og þjónustu sem keypt var af netinu 12 mánuðum fyrir rannsóknina kom mest aukning fram frá fyrra ári í eftirfarandi liðum: aðgöngumiðum á viðburði, 73% til samanburðar við 45% árið 2011; farmiðum, bílaleigubílum og öðru ferðatengdu, 65% til samanburðar við 41% 2011; og gistingu á ferðalögum, 56% til samanburðar við 41% 2011. Einnig kom fram aukning á verslun bóka, tímarita og fjarkennsluefnis, 45% til samanburðar við 42% árið 2011.

Hvað aðra notkun á netinu varðar kemur fram hækkun í því að fólk hafi notað netið til að skoða fréttavefi, eða vefútgáfur dagblaða og tímarita, 94% árið 2012, en 89% árið 2011; notkun heimabanka 90% árið 2012, en 85% árið 2011; og leit að upplýsingu um vöru og þjónustu, 92% árið 2012, en 86% árið 2011. Ekki voru allir liðir í spurningu þeir sömu á milli rannsókna.

Aðrar breytingar frá síðustu rannsókn

Mikil fjölgun kemur fram á meðal þeirra sem keypt hafa húsgögn, leikföng, eða aðra hluti til heimilis, frá árinu 2011, en getur það hugsanlega skýrst af því að svarmöguleiki var færður frammar í spurningalista og getur skilningur á svarmöguleikanum hafa breyst í samhengi við aðra svarmöguleika. Sveiflur á milli ára í öðrum liðum ættu ekki að skýrast af breytingum á spurningalistanum sjálfum.

Úrvinnsla gagna

Svarhlutfall var 80% og voru niðurstöður tölfræðilega marktækar. Skekkjumörk hlutfalla ráðast af öryggisbili, en er það almennt innan við 0,2% í heildarhlutföllum. Því meira sem niðurbrot er minnkar nákvæmnin og öryggisbilið eykst, þar sem færri svör eru að baki heildartölum, samanber töflu hér að neðan.

Tafla 1. Öryggisbil
Table 1. Confidence intervals

Reglulegir netnotendur <i>Regular internet users</i>	Áætlað hlutfall <i>Survey estimate</i>	Neðri mörk <i>Lower limit</i>	Efri mörk <i>Upper limit</i>	Fjöldi svarenda <i>Number of respondents</i>
Allir <i>All</i>	94,66	94,63	94,69	1638
Karlar <i>Males</i>	95,25	95,20	95,30	822
Konur <i>Females</i>	94,07	94,01	94,12	816
16–24 ára <i>years</i>	99,70	99,67	99,73	306
25–34 ára <i>years</i>	97,48	97,36	97,60	258
35–44 ára <i>years</i>	98,70	98,62	98,78	284
45–54 ára <i>years</i>	96,53	96,42	96,64	334
55–64 ára <i>years</i>	91,98	91,79	92,16	285
65–74 ára <i>years</i>	71,63	71,12	72,15	171

English Summary

Computers are on 96% of Icelandic households and 95% of households have access to the internet. The number of internet users has increased from last year and is 96% of the population. 44% of internet users connect to the internet via mobile phones or smartphones and of those 45% connect daily. 40% of internet users connect to the internet outside of their homes, which is an increase of 7% from the previous year. Handheld devices for connecting to the internet outside of homes was the subject of the special module of the research of Statistics Iceland on the usage of individuals of computers and the internet. This publication includes a brief outline of the main results of the survey. More detailed statistics can be found on the webpage of Statistics Iceland under the heading *Information Technology*.

Tafla 2. Aðgangur að tölvum og neti á heimilum 2012

Table 2. Access to computer and the internet in households 2012

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölvur <i>Computers</i>	Netaðgang <i>Internet access</i>
Alls Total	95,5	94,6
Búseta Residence		
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	96,7	95,7
Landsbyggð <i>Other regions</i>	93,4	92,6
Heimilisgerð Type of household		
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	93,7	92,3
Heimili með barn/börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	99,3	99,3
Tekjur heimilis í ísl. krónum Household income in ISK		
0–200 þúsund <i>thousand</i>	82,4	79,2
201–400 þúsund <i>thousand</i>	96,9	94,7
401–600 þúsund <i>thousand</i>	97,5	97,9
601–800 þúsund <i>thousand</i>	99,5	100
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	100	100
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	100	100

Tafla 3. Tölvu- og netnotkun 2012*Table 3. Use of computers and the internet 2012*

Hlutfall einstaklinga <i>Percent of individuals</i>	Notuðu tölvur <i>Used computers</i>			Tengdust neti <i>Connected to internet</i>		
	Innan 3 mánaða <i>Within last 3 months</i>	Fyrir meira en 3 mánuðum <i>More than 3 months ago</i>	Aldrei <i>Never</i>	Innan 3 mánaða <i>Within last 3 months</i>	Fyrir meira en 3 mánuðum <i>More than 3 months ago</i>	Aldrei <i>Never</i>
Allir <i>All</i>	96,7	1,2	2,1	96,2	0,7	3,1
Karlar <i>Males</i>	97,7	0,7	1,5	97,0	0,9	2,2
16–24 ára <i>years</i>	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	0,0
25–54 ára <i>years</i>	99,3	0,0	0,7	98,9	0,4	0,7
55–74 ára <i>years</i>	91,9	3,2	4,9	89,7	2,7	7,6
Konur <i>Females</i>	95,7	1,6	2,7	95,5	0,5	4,1
16–24 ára <i>years</i>	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	0,0
25–54 ára <i>years</i>	98,9	0,6	0,4	98,9	0,2	0,8
55–74 ára <i>years</i>	85,8	4,8	9,4	84,9	1,3	13,8
Búseta <i>Residence</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	97,4	0,8	1,7	97,1	0,6	2,4
Landsbyggð <i>Other regions</i>	95,4	1,8	2,8	94,7	0,9	4,4
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	96,2	2,3	1,5	95,3	0,4	4,4
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	98,1	0,4	1,5	98,6	0,2	1,2
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	100,0	0,0	0,0	99,8	0,2	0,0
Atvinna <i>Occupation</i>						
Námsmaður <i>Student</i>	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	0,0
Starfandi <i>Employed</i>	98,2	0,8	1,0	98,2	0,4	1,5
Aðrir <i>Others</i>	85,2	4,7	10,1	81,9	3,0	15,1

Tafla 4. Tíðni tölvu- og netnotkunar einstaklinga 2012

Table 4. Frequency in the use of a computer and the Internet 2012

Hlutfall tölvu- og netnotenda <i>Percent of computer and Internet users</i>	Tölvunotkun <i>Use of a computer</i>			Netnotkun <i>Use of the Internet</i>		
	Daglega <i>Daily</i>	Sjaldnar en Einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>		Daglega <i>Daily</i>	Sjaldnar en Einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>	
		Einu sinni í viku <i>Once a week</i>	einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>		Einu sinni í viku <i>Once a week</i>	einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>
Allir All	93,0	6,0	1,2	91,3	7,1	1,6
Karlar Males	92,7	6,5	0,9	91,9	6,3	1,7
16–24 ára <i>years</i>	94,5	5,0	0,6	92,5	6,9	0,6
25–54 ára <i>years</i>	94,1	4,9	1,0	94,2	4,0	1,8
55–74 ára <i>years</i>	87,0	12,5	1,0	85,2	12,3	2,6
Konur Females	93,3	5,4	1,5	90,7	7,8	1,5
16–24 ára <i>years</i>	96,8	3,3	0,0	96,1	3,9	0,0
25–54 ára <i>years</i>	96,0	3,0	1,0	94,4	4,6	1,0
55–74 ára <i>years</i>	83,7	13,2	4,1	77,1	18,9	4,0
Búseta Residence						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	93,8	4,8	1,4	92,8	5,6	1,6
Landsbyggð <i>Other regions</i>	91,4	8,1	0,8	88,7	9,7	1,6
Menntun Education						
Skyldunám <i>Primary</i>	87,5	11,1	1,7	85,9	11,2	2,9
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	92,4	6,6	1,1	89,7	8,1	2,2
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	99,1	0,9	0,0	98,8	1,2	0,0
Atvinna Occupation						
Námsmaður <i>Student</i>	98,0	2,0	0,0	98,4	1,6	0,0
Starfandi <i>Employed</i>	93,2	5,8	1,1	91,5	6,7	1,8
Aðrir <i>Others</i>	84,4	12,8	3,8	80,3	17,0	2,7

Skýringar Notes: Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

Tafla 5. Tegundir nettinga á heimilum 2012Table 5. *Types of internet connections in households 2012*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of internet users</i>	Háhraða fastlínu- tenging <i>Broadband connection</i>	ADSL eða önnur xDSL tenging <i>ADSL or other XDSL connection</i>	Kapal-, ljósleiðara-, ethernet eða raflínutenging <i>Wired fixed</i>
Alls Total	92,2	70,8	22,3
Búseta Residence			
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	93,1	67,1	27,1
Landsbyggð <i>Other regions</i>	90,5	77,8	13,4
Heimilisgerð Type of household			
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	90,1	68,9	21,8
Heimili með barn/börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	96,2	74,5	23,4
Tekjur heimilis í ísl. krónum Household income in ISK			
0–200 þúsund <i>thousand</i>	76,2	63,3	13,8
201–400 þúsund <i>thousand</i>	91,0	72,3	20,4
401–600 þúsund <i>thousand</i>	95,6	71,4	24,5
601–800 þúsund <i>thousand</i>	95,7	73,7	22,0
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	97,2	71,1	26,4
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	99,3	72,9	27,3

Þráðlaust staðarnet, heitur reitur, örbylgju- tenging <i>Fixed wireless</i>	Mótald/ ISDN- tenging <i>Dialup access</i>	Tölvu- tenging um 3G netlykil <i>Wireless 3G or faster</i>	3G tenging um farsíma <i>Mobile wireless 3G or faster</i>	Farsíma/ fartölvu hægari en 3G <i>Mobile/ laptop slower than 3G</i>	Annars konar tenging/ veit ekki <i>Other connection/ don't know</i>
5,8	2,6	27,8	44,3	5,2	0,7
4,7	2,1	25,5	46,1	5,0	0,4
7,9	3,6	32,0	41,1	5,4	1,3
4,4	2,2	26,7	38,7	4,3	1,1
8,6	3,4	29,8	55,0	6,7	0,0
4,5	2,3	33,4	42,9	5,0	1,5
5,3	2,6	21,8	32,6	3,9	0,9
5,7	3,4	25,7	39,4	3,9	1,1
5,6	2,2	30,8	53,4	7,3	0,0
4,2	2,8	32,9	62,2	9,5	0,0
12,1	3,2	39,7	70,1	6,5	0,0

Tafla 6. Tegund og tíðni nettinga með þráðlausum tækjum utan heimilis og vinnu 2012

Table 6. Use of wireless devices to connect to the internet outside of homes and places of work 2012

Hlutfall netnotenda viðeigandi tækja <i>Percent of Internet users of specified devices</i>	Með fartölvu eða spjaldtölvu <i>Via laptop or tablet</i>				
	Tegund tenginga <i>Types of network</i>		Tíðni tengingar <i>Frequency of connection</i>		
	Með USB lykli eða SIM korti <i>USB or card</i>	Með þráðlausri nettengingu <i>Wireless network</i>	Daglega <i>Approx. every day</i>	Vikulega <i>At least once a week</i>	Sjaldnar <i>Less than once a week</i>
Allir <i>All</i>	43,9	85,9	30,0	24,6	45,4
Karlar <i>Males</i>	45,5	87,0	29,9	27,4	42,7
16–24 ára <i>years</i>	44,8	94,5	33,0	26,9	40,1
25–54 ára <i>years</i>	45,5	85,3	30,5	27,8	41,8
55–74 ára <i>years</i>	46,4	81,2	22,1	26,4	51,5
Konur <i>Females</i>	42,0	84,6	30,1	21,3	48,6
16–24 ára <i>years</i>	35,8	91,2	34,7	18,8	46,5
25–54 ára <i>years</i>	44,6	83,0	29,3	21,7	49,0
55–74 ára <i>years</i>	44,7	76,7	23,0	25,8	51,2
Búseta <i>Residence</i>					
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	44,0	86,7	29,9	27,0	43,1
Landsbyggð <i>Other regions</i>	43,7	84,4	30,1	20,3	49,7
Menntun <i>Education</i>					
Skyldunám <i>Primary</i>	52,8	85,3	26,2	19,8	54,1
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	46,3	82,8	22,7	29,6	47,7
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	43,3	86,7	29,7	25,9	44,4
Atvinna <i>Occupation</i>					
Námsmaður <i>Student</i>	34,9	95,1	45,2	21,4	33,4
Starfandi <i>Employed</i>	46,9	83,8	26,2	26,5	47,3
Aðrir <i>Others</i>	46,1	71,5	10,7	15,0	74,3

Skýringar *Notes:* Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

Með farsíma og öðrum þráðlausum smátækjum Via mobile phones and other handheld devices						
Tegund tenginga Types of network			Tíðni tengingar Frequency of connection			
Háhraða far- símateging Mobile phone	Annars konar farsímateging Other mobile connection	Þráðlausu staðarneti Wireless network	Daglega Approx. every day	Vikulega At least once a week	Sjaldnar Less than once a week	
86,6	6,9	67,1	44,8	25,3	29,9	
86,5	6,0	69,8	47,4	27,0	25,6	
85,4	6,2	69,1	40,7	30,4	28,9	
88,6	5,3	72,1	52,3	24,8	22,9	
76,7	9,7	58,4	34,6	31,6	33,8	
86,7	8,0	63,7	41,7	23,2	35,1	
87,2	6,9	69,3	46,0	20,3	33,6	
87,5	8,4	62,4	41,3	25,3	33,4	
74,3	10,2	46,8	20,2	15,7	64,1	
87,0	6,9	70,6	47,4	24,4	28,2	
85,7	7,1	59,1	39,1	27,3	33,6	
88,9	6,6	69,2	51,0	26,6	22,3	
87,4	7,3	61,7	46,7	23,2	30,1	
87,2	6,4	70,7	44,8	26,0	29,2	
84,2	6,1	74,5	44,2	26,1	29,7	
87,3	7,2	65,7	45,8	25,3	28,9	
85,7	6,2	54,7	31,0	21,9	47,1	

Tafla 7. Notkun á þráðlausum tækjum til að tengjast neti utan heimilis og vinnu 2012

Table 7. Use of wireless devices to connect to the internet outside of homes and places of work 2012

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Fartölvu <i>Laptop</i>	Spjaldtölvu með snertiskjá <i>Tablet computer with touchscreen</i>	Farsíma, snjallsíma <i>Mobile phone, smart phone</i>	Öðrum þráðlausum smátækjum <i>Other handheld devices</i>
Allir <i>All</i>	40,2	19,7	44,2	4,9
Karlar <i>Males</i>	43,9	19,7	47,5	5,0
16–24 ára <i>years</i>	52,1	29,2	59,7	10,0
25–54 ára <i>years</i>	46,5	20,2	51,6	4,6
55–74 ára <i>years</i>	29,3	9,5	24,8	1,5
Konur <i>Females</i>	36,4	19,6	40,7	4,7
16–24 ára <i>years</i>	60,2	28,9	66,5	6,8
25–54 ára <i>years</i>	36,3	21,2	45,1	5,4
55–74 ára <i>years</i>	17,4	8,1	8,8	1,5
Búseta <i>Residence</i>				
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	40,9	22,1	47,9	5,6
Landsbyggð <i>Other regions</i>	39,1	15,3	37,6	3,5
Menntun <i>Education</i>				
Skyldunám <i>Primary</i>	31,6	18,3	36,9	2,5
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	36,3	16,5	41,6	4,4
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	45,4	24,5	54,4	4,7
Atvinna <i>Occupation</i>				
Námsmaður <i>Student</i>	64,5	24,2	57,9	11,1
Starfandi <i>Employed</i>	38,2	20,3	45,2	4,1
Aðrir <i>Others</i>	17,9	8,9	18,6	1,3

Skýringar Notes: Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

Tafla 8. Notkun á neti með þráðlausum tækjum utan heimilis og vinnu 2012

Table 8. Use of internet on wireless devices outside of homes and places of work 2012

Hlutfall netnotenda <i>Percent of internet users</i>	Notað tölvupóst <i>For using email</i>	Lesið fréttir <i>For reading news</i>	Lesið bækur <i>For reading books</i>	Fyrir leiki, myndir, myndbönd eða tónlist <i>For games, images, videos or music</i>	Notað hlaðvarps-/podcast-þjónustu <i>For podcast service</i>	Notað samskiptasíður <i>For social networks</i>	Notað fyrir vinnu utan vinnustaða <i>For professional purposes</i>
Allir All	68,6	67,3	11,4	39,1	7,7	68,7	48,6
Karlar Males	70,7	72,4	12,6	39,3	9,5	61,7	54,2
16–24 ára years	54,8	66,6	13,6	56,7	14,6	83,3	32,0
25–54 ára years	76,7	74,6	13,2	37,6	8,8	59,9	58,8
55–74 ára years	72,2	72,3	7,7	10,2	2,0	23,9	76,7
Konur Females	66,0	61,2	9,9	39,0	5,5	77,2	41,8
16–24 ára years	57,1	60,9	8,6	51,6	5,0	92,1	29,2
25–54 ára years	71,1	62,0	11,4	33,3	6,2	73,6	45,2
55–74 ára years	58,3	52,0	0,0	31,9	0,0	31,6	77,1
Búseta Residence							
Höfuðborgarsvæði Capital region	72,4	67,3	12,5	40,9	7,5	68,1	50,0
Landsbyggð Other regions	60,2	67,3	9,0	35,2	8,1	70,1	45,5
Menntun Education							
Skyldunám Primary	61,6	68,3	16,2	55,0	8,9	78,8	41,0
Stúdent eða iðnnám Secondary	71,8	72,9	9,0	34,5	8,4	60,0	48,3
Nám á háskólastigi Tertiary	78,1	69,5	10,0	27,8	6,5	57,8	64,6
Atvinna Occupation							
Námsmaður Student	56,7	58,3	12,5	51,9	7,3	86,7	37,5
Starfandi Employed	73,1	69,7	11,1	36,2	8,2	64,2	53,1
Aðrir Others	51,6	70,5	11,9	29,3	2,5	59,4	29,4

Tafla 9. Ástæður þess að netnotendur hafa ekki tengst neti þráðlaust utan heimilis og vinnu 2012
Table 9. Reasons of internet users for not connecting to the internet via wireless devices outside of households and places of work 2012

Hlutfall netnotenda sem tengjast ekki neti þráðlaust utan heimilis og vinnu <i>Percent of internet users not connecting to the internet via wireless devices outside of homes and places of work</i>	Engin þörf <i>No need</i>	Skortur á þekkingu <i>Lack of knowledge</i>	Skjár á tæki of lítill <i>Screen on device too small</i>	Hár kostnaður <i>Because of high cost</i>	Skortur á háhraða-tengingu <i>Lack of high-speed connection</i>	Áhyggjur af net-öryggi <i>Concerns for internet security</i>
Allir <i>All</i>	80,9	16,1	4,6	10,4	0,0	5,2
Karlar <i>Males</i>	80,2	14,0	3,3	9,5	0,0	5,7
16–24 ára <i>years</i>	86,7	6,1	0,0	12,9	0,0	0,0
25–54 ára <i>years</i>	75,6	9,0	4,1	14,1	0,0	7,7
55–74 ára <i>years</i>	85,1	23,6	3,0	1,8	0,0	4,4
Konur <i>Females</i>	81,6	17,9	5,7	11,2	0,0	4,8
16–24 ára <i>years</i>	84,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25–54 ára <i>years</i>	78,5	11,1	6,5	13,1	0,0	4,2
55–74 ára <i>years</i>	85,2	28,2	5,3	9,8	0,0	6,0
Búseta <i>Residence</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	83,0	16,3	4,1	11,1	0,0	5,3
Landsbyggð <i>Other regions</i>	77,7	15,7	5,3	9,3	0,0	5,1
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	82,0	14,0	2,8	6,3	0,0	7,8
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	77,6	14,6	6,1	11,0	0,0	4,2
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	78,9	10,5	5,2	16,6	0,0	5,7
Atvinna <i>Occupation</i>						
Námsmaður <i>Student</i>	76,2	5,5	3,3	8,8	0,0	4,1
Starfandi <i>Employed</i>	79,9	13,7	4,2	11,7	0,0	6,0
Aðrir <i>Others</i>	85,6	26,8	6,2	6,6	0,0	3,0

Hagtiðindi **Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni**
Statistical Series ***Tourism, transport and IT***

97. árg. • 33. tbl. 2012:2

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4576 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4584 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Árni Fannar Sigurðsson • arni.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

afgreidsla@hagstofa.is

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series